

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1833****2023/EES/40/06****frá 14. júlí 2021****um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB til að tilgreina viðmið um það
hvenær starfsemi telst vera viðbót við aðalstarfsemi á samstæðustigi (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 2. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Matið á því hvort aðilar stundi viðskipti fyrir eigin reikning eða veiti fjárfestingarþjónustu í tengslum við hrávöruafleiður, losunarheimildir og afleiður þeirra í Sambandinu sem viðbótarstarfsemi við aðalstarfsemi sína ætti að fara fram á samstæðustigi. Í samræmi við skilgreininguna í 11. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ⁽²⁾, er „samstæða“ talin samanstanda af móðurfélagi og öllum dótturfélögum þess. Að því er varðar þessa reglugerð nær hún yfir einingar sem staðsettar eru í Sambandinu og í þriðju löndum óháð því hvort samstæðan er með höfuðstöðvar innan eða utan Sambandsins.
- 2) Matið ætti að framkvæma á forni þriggja valkvæðra prófana („prófanir á viðbótarstarfsemi“) sem byggjast á viðskiptastarfsemi aðilanna innan samstæðunnar. Með prófununum ætti að skera úr um hvort aðilarnir innan samstæðunnar eigi viðskipti fyrir eigin reikning. Ef þessir aðilar veita fjárfestingarþjónustu með hrávöruafleiður, losunarheimildir eða afleiður þeirra í Sambandinu í svo miklum mæli miðað við aðalstarfsemi samstæðunnar að sú starfsemi geti ekki talist vera viðbót á samstæðustigi, ættu þessir aðilar að þurfa afla sér starfsleyfis sem verðbréfa-fyrirtæki. Til að taka tillit til hins efnahagslega veruleika hinna mörgu mismunandi samstæðna sem þurfa að gangast undir mat á því hvort viðskipti þeirra séu viðbót við aðalstarfsemina ætti að heimila þessum aðilum að ákveða hverja þessara þriggja valkvæðu prófana skuli framkvæma til að skera úr um hvort viðskiptastarfsemi þeirra sé viðbót við aðalstarfsemina hjá tiltekinni samstæðu. Ef viðskiptastarfsemi aðila er viðbótarstarfsemi samkvæmt einhverjum af þessum prófunum ætti að telja hana vera viðbót við aðalstarfsemina að því er varðar j-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 372, 20.10.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 283/2022 frá 28. október 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinnna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjútíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

- 3) Samkvæmt fyrstu valkvæðu prófuninni ætti starfsemi aðila að teljast vera viðbót við aðalstarfsemina ef hrein útistandandi undirliggjandi áhættuskuldbinding í hrávöruafleiðum eða losunarheimildum eða afleiðum þeirra, til uppgjörs í reiðufé, sem viðskipti eru með í Sambandinu, að undanskildum hrávöruafleiðum eða losunarheimildum eða afleiðum þeirra sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, er undir árlegum viðmiðunarmörkum að upphæð 3 milljörðum evra („prófun á lágmarksviðmiðunarmörkum“).
- 4) Í annarri valkvæðu prófuninni er gerður samanburður á umfangi viðskiptastarfsemi aðila og heildarviðskiptastarfsemi samstæðunnar í Sambandinu („viðskiptaprófun“). Ákvarða ætti umfang viðskiptastarfsemi aðila með því að draga samtölu magns viðskipta til lausafjár- eða áhættustýringar innan samstæðu, til að draga hlutlægt og mælanlega úr áhættu sem varðar beint viðskiptastarfsemi eða lausafjárfjármögnun eða til þess að uppfylla þær skyldur að veita lausafé á viðskiptavettvangi („undanþegin viðskipti“), frá umfangi heildarviðskiptastarfsemi aðilans. Samninga, þar sem aðili innan samstæðunnar sem á aðild að einhverjum af þessum samningum er með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ⁽³⁾, ætti að draga frá viðskiptastarfsemi aðila. Heildarviðskiptastarfsemi samstæðunnar í Sambandinu tekur til forgangsviðskipta og samninga þar sem aðili innan samstæðunnar sem er aðili að einhverjum þessara samninga er með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB eða tilskipun 2013/36/ESB.
- 5) Ákvarða ætti umfang viðskiptastarfseminnar á grundvelli vergrar grundvallarfjárhæðar samninga með hrávöruafleiður, losunarheimildir og afleiður þeirra í Sambandinu með hliðsjón af hlaupandi meðaltali næstliðinna þriggja ára.
- 6) Umfang viðskiptastarfseminnar sem notað er sem mælistika fyrir viðskiptaprófunina er álitin gefa vísbendingu um aðalviðskiptastarfsemi aðilans eða samstæðunnar. Það ætti að vera auðvelt og kostnaðarlega hagkvæmt fyrir aðila að nota þessa vísbendingu þar sem hún byggist á gögnum sem þegar þarf að afla vegna reglufylgni, s.s. vegna skýrslugjafar um viðskipti, jafnframt því að vera marktæk prófun.
- 7) Rétt er að styðjast við þessa vísbendingu vegna þess að áhættufælinn, skynsamlega rekinn aðili, svo sem framleiðandi, vinnsluaðili eða neytandi hrávöru eða losunarheimilda, er talinn áhættuverja umfang aðalviðskiptastarfsemi sinnar með samsvarandi magni hrávöruafleiðna, losunarheimilda eða afleiðna þeirra. Þess vegna er umfang allrar viðskiptastarfsemi hans með hrávöruafleiður, losunarheimildir eða afleiður þeirra, mælt í vergri grundvallarfjárhæð hinna undirliggjandi þátta, viðeigandi vísbending um umfang aðalstarfsemi samstæðunnar. Þar sem samstæður sem ekki hafa aðalstarfsemi sem tengist hrávöru eða losunarheimildum myndu ekki nota afleiður hrávöru eða losunarheimilda til þess að draga úr áhættu þá ættu viðskipti þeirra með hrávöruafleiður, losunarheimildir eða afleiður þeirra ekki teljast sem áhættuvörn.
- 8) Notkun hrávöruafleiða til að draga úr áhættu getur hins vegar ekki talist fullkomin vísbending um alla viðskiptastarfsemina sem þessi aðili eða samstæða stundar sem aðalstarfsemi þar sem hún tekur hugsanlega ekki tillit til annarra fjárfestinga í fastafjármunum sem ekki tengjast afleiðumörkuðum.
- 9) Önnur prófunin mælir ekki umfang aðalstarfsemi aðila með umtalsverðar fjárfestingar með fullnægjandi hætti, í hlutfalli við stærð þeirra, t.d. við gerð innviða, flutningastöðva og framleiðslustöðva. Hún ber heldur ekki kennsl á fjárfestingar sem ekki er hægt að áhættuverja á fjármálamörkuðum. Þess vegna er nauðsynlegt að kveða á um þriðju aðferðina sem styðst við mælingar á bundnu fjármagni til að mæla hvort viðskiptastarfsemi er viðbót við aðalstarfsemi samstæðunnar.
- 10) Bodið er upp á þriðju valkvæðu prófunina, prófun á bundnu fjármagni, til þess að taka tillit til hins efnahagslega veruleika hinna mörgu mismunandi samstæðna sem þurfa að gangast undir mat á því hvort viðskipti þeirra séu viðbót við aðalstarfsemi þeirra, þ.m.t. samstæður sem takast á hendur verulegar fjárfestingar, í hlutfalli við stærð þeirra, t.d. við gerð innviða, flutningastöðva og framleiðslustöðva, auk fjárfestinga sem ekki verða auðveldlega áhættuvarðar á fjármálamörkuðum. Þar sem allar prófanirnar þrjár gera kleift að gera grein fyrir mismunandi undirliggjandi efnahagslegum veruleika mismunandi samstæðna eru allar prófanirnar jafn viðeigandi, valkvæðar og óháðar aðferðir til að ákvarða hvort viðskiptastarfsemi sé viðbót við aðalstarfsemi tiltekinnar samstæðu. Ef viðskiptastarfsemi aðila er talin vera viðbót samkvæmt einhverri af þessum prófunum ætti að telja hana viðbót við aðalstarfsemina að því er varðar j-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbrefafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

- 11) Í þriðju prófuninni er stuðst við áætlað fjármagn sem samstæður sem ekki eru fjármálasamstæður þurfa vegna innbyggðrar markaðsáhættu staðna þeirra sem stafa af viðskiptum með hrávöruafleiður, losunarheimildir og afleiður þeirra í Sambandinu, öðrum en undanþegnum viðskiptum, sem vísbendingu um umfang viðbótarstarfsemi aðilans eða samstæðunnar. Rammanum, sem þróaðist undir forsjá Baselnefndarinnar um bankaefirlit og var hrundið í framkvæmd í Sambandinu með tilskipun 2013/36/EB, er beitt til að veða stöður hlutfallslega með tilliti til reiknaðs fjármagns. Innan þessa ramma ætti að ákvarða um hreina stöðu í hrávöruafleiðum, losunarheimildum eða afleiðum þeirra í Sambandinu með því að jafna saman gnótt- og skortstöðum í tiltekinni tegund hrávöruafleiðusamnings, losunarheimildar eða afleiðusamnings af þeim, s.s. framtíðarsamningi, valrétti, framvirkum samningi eða áskriftarréttindum. Við ákvörðun á hreinni stöðu ætti jöfnunin að fara fram óháð því hvar viðskipti eru með samninginn, hver mótaðili samningsins er eða líftími hans. Verga stöðu í viðkomandi hrávöruafleiðu, losunarheimildarsamningi eða afleiðusamningi sem af honum leiðir ætti hins vegar að reikna með því að bæta við hreinni stöðu samningstegunda sem tengjast tiltekinni hrávöru eða losunarheimild eða afleiðu hennar. Í þessu samhengi ætti ekki að jafna hreinum stöðum tiltekinna tegundar hrávöruafleiðusamninga, losunarheimildasamninga eða afleiðusamninga sem leiða af þeim, hverri á móti annarri.
- 12) Samkvæmt þriðju prófuninni ætti að bera saman áætlað fjármagn samstæðu og raunverulega fjármagnið sem samstæðan notaði, sem ætti að endurspegla umfang aðalstarfsemi hennar. Bundið fjármagn ætti að reikna út á grundvelli samtölu heildareigna samstæðunnar að frádregnum fyrirbyggjandi skuldum. Þær fyrirbyggjandi skuldir ættu að samanstanda af skuldum sem gera þarf upp innan 12 mánaða.
- 13) Tilgangur prófananna fyrir viðbótarstarfsemi er að athuga hvort aðilar innan samstæðu sem ekki hafa hlotið starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB ættu að sækja um starfsleyfi vegna raunumfanga eða hlutfallslegs umfangs starfsemi þeirra með hrávöruafleiður, losunarheimildir og afleiður þeirra í Sambandinu. Prófanir á viðbótarstarfsemi ákvarða umfang starfsemi með hrávöruafleiður, losunarheimildir og afleiður þeirra í Sambandinu sem aðilar innan samstæðu geta stundað án starfsleyfis samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB þar sem sú starfsemi sé viðbót við aðalstarfsemi samstæðunnar. Því er viðeigandi að reikna út umfang viðbótarstarfsemi samstæðunnar með því að nota viðmið sem, við allar prófanirnar þrjár, undanskilja starfsemi sem aðilar að samstæðu sem eru með starfsleyfi í samræmi við þá tilskipun leggja stund á, til þess að meta umfang raunverulegrar viðbótarstarfsemi sem samstæðuáðilar sem ekki hafa hlotið starfsleyfi hafa með höndum.
- 14) Til þess að gera markaðsaðilum kleift að gera áætlanir og reka starfsemi sína á skynsamlegan hátt og taka tillit til árstíðabundinna umskipta í starfsemi, ætti útreikningurinn í valkvæðu prófununum, sem sker úr um það hvenær starfsemi er talin viðbótarstarfsemi við aðalstarfsemi, að vera gerður á grundvelli þriggja ára tímabils. Einingar ættu þess vegna að framkvæma matið á því hvort þær brjóti eitthvert af hinum þremur viðmiðunarmörkum í þessum þremur valkvæðu prófunum árlega með því að reikna út einfalt meðaltal þriggja ára á hlaupandi grundvelli. Þessi skylda ætti ekki að hafa áhrif á rétt lögbæra yfirvaldsins til að óska hvenær sem er eftir skýrslu frá aðila um á hverju hann byggir það mat sitt að starfsemi hans, skv. i. og ii. lið j-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, sé viðbót við aðalstarfsemina.
- 15) Taka ætti tillit til viðskipta sem unnt er að mæla á hlutlægan hátt að dragi úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi eða lausafjárfjármögnun og viðskiptum innan samstæðu í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012⁽⁴⁾. Hins vegar, að því er varðar afleiðuviðskipti sem unnt er að mæla á hlutlægan hátt að dragi úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi eða lausafjárfjármögnun, vísar framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013⁽⁵⁾ aðeins til afleiðna sem viðskipti eru ekki með á skipulegum verðbréfamörkuðum á meðan 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/65/ESB nær til afleiðna sem viðskipti eru með á viðskiptavettvöngum. Þegar prófanirnar á viðbótarstarfsemi ná jafnt yfir afleiður sem viðskipti eru með á skipulegum mörkuðum og afleiður sem ekki eru viðskipti með á skipulegum mörkuðum þykir þess vegna rétt að taka tillit til afleiðna sem viðskipti eru með á skipulegum mörkuðum í tengslum við viðskipti sem talið er unnt að mæla á hlutlægan hátt að dragi úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi eða lausafjárfjármögnun.

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjútíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

(5) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrikomulag, stöðustofnunaraskyldu, opinbera skrá, aðgang að viðskiptavettvangi, ófjárhagslega mótaðila og aðferðir til að draga úr áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað (Stjútíð. ESB L 52, 23.2.2013, bls. 11).

- 16) Við vissar aðstæður, t.d. þegar seljanleiki á markaði er ekki nægur eða samsvarandi afleiðusamningur er ekki tiltækur, er mögulega ekki hægt að áhættuverja viðskiptaáhættu með því að nota beint tengdan hrávöruafleiðusamning, þ.e.a.s. samning með nákvæmlega sömu undirliggjandi eign og uppgjörsdag og áhættan sem varin er. Í slíku tilviki ætti aðilanum að vera heimilt að nota staðgengilsáhættuvörn með nátengdum gerningi til að verja áhættuskuldbindingu sína, s.s. gerning með aðra en náð tengda undirliggjandi eign. Að auki er aðilum sem gera hrávöruafleiðusamninga heimilað að nota heildar- eða safnáhættuvörn til að verja sig gegn áhættu sem tengist heildaráhættu þeirra eða heildaráhættu samstæðunnar. Slíkir hrávöruafleiðusamningar sem eru heildar-, safn- og staðgengilsáhættuvörn ættu að teljast áhættuvörn að því er varðar prófanirnar á viðbótarstarfsemi. Þegar aðili sem beitir prófununum á viðbótarstarfsemi notar safn- eða heildaráhættuvörn kann að vera ómögulegt að tengja beint saman tiltekin hrávöruafleiðuviðskipti og tiltekna áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi og lausafjárfjármögnun sem ráðist er í til að verjast henni. Áhættan sem tengist beint viðskiptastarfseminni eða lausafjárfjármögnuninni kann að vera flókin í eðli sínu, t.d. margir landfræðilegir markaðir, ýmsar afurðir, tímabil eða aðilar. Eignasafn hrávöruafleiðusamninga sem gerðir eru til að draga úr þessari áhættu getur átt rætur að rekja til flókinna áhættustýringarkerfa. Í slíkum tilvikum ættu áhættustýringarkerfin að koma í veg fyrir að viðskipti sem ekki eru áhættuvarnarviðskipti séu flokkuð sem slík og veita nægilega góða sýn yfir áhættuvarnasafnið til þess að spákaupmennskuþættir greinist og séu teknir með við útreikning á viðmiðunarmörkum. Stöður ættu ekki að teljast milda áhættu sem tengist viðskiptastarfsemi einungis á þeim grundvelli að þær séu hluti eignasafns sem heilt yfir á að milda áhættu.
- 17) Áhætta getur þróast með tímanum og til þess að aðlaga sig að þróun áhættunnar gæti þurft að vega upp hrávöru- eða losunarheimildarafleiður, sem upphaflega voru til að draga úr áhættu sem tengist viðskiptastarfsemi, með viðbótarafleiðusamningum um hrávöru eða losunarheimildir. Þar af leiðandi má verja áhættu með samsetningu afleiðusamninga um hrávöru eða losunarheimildir, þ.m.t. hrávöruafleiðusamninga sem vega upp á móti þeim hrávöruafleiðusamningum sem tengjast ekki lengur viðskiptaáhættunni. Að auki ætti þróun áhættu sem brugðist hefur verið við með því að taka stöðu í hrávöru- eða losunarheimildarafleiðu, í þeim tilgangi að draga úr þeirri áhættu, ekki að leiða til endurmats á stöðunni þannig hún teljist ekki undanþegin viðskipti frá upphafi.
- 18) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/592 ⁽⁶⁾ er viðbót við tilskipun 2014/65/ESB að því er varðar viðmiðin fyrir að telja starfsemi vera viðbót við aðalstarfsemina. Þeirri tilskipun var breytt þann 16. febrúar 2021 með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/338 ⁽⁷⁾, þar sem sett eru fram ný ákvæði varðandi undanþágur fyrir viðbótarstarfsemi og prófanir á viðbótarstarfsemi, og framkvæmdastjórninni veitt heimild til að samþykkja framseldar gerðir þar sem tilgreind eru viðmiðin fyrir að ákvarða hvenær starfsemi teljist vera viðbót við aðalstarfsemina á samstæðustigi. Einkum hefur prófunin á markaðnum í heild verið fjarlægð þar sem aðstæður fyrir hrávöruafleiður í Sambandinu hafa breyst svo mikið að prófunin á markaðnum í heild myndi hafa í för með sér að aðilar teldust ekki lengur hæfir til undanþágu vegna viðbótarstarfsemi jafnvel þó engar breytingar hafi orðið á viðskiptaháttum þeirra. Enn fremur er innleidd prófunin á lágmarksviðmiðunarmörkum og viðmiðunarmörkunum fyrir viðskiptaprófunina og prófunina á bundnu fjármagni breytt. Þess vegna ætti að fella reglugerð (EB) nr. 2017/592 úr gildi og þessi reglugerð koma í hennar stað.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eignaflokkar sem hæfir eru fyrir prófun á viðbótarstarfsemi

Til að teljast viðbót við aðalstarfsemi samstæðunnar skal starfsemi aðila sem um getur í i. og ii. lið j-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/65/ESB tengjast einhverjum einum eða fleiri eftirfarandi eignaflokka:

- a) hrávöruafleiðum sem tengjast hrávöru eða undirliggjandi eign sem um getur í 5., 6., 7. og 10. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB,

⁽⁶⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/592 frá 1. desember 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um viðmiðin sem tilgreina hvenær starfsemi telst vera viðbót við aðalstarfsemi (Stjútíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 492).

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/338 frá 16. febrúar um breytingu á tilskipun 2014/65/ESB að því er varðar upplýsingakröfur, afurðastýringu og stöðuhámark og tilskipanir 2013/36/ESB og (ESB) 2019/878 að því er varðar beitingu þeirra á verðbrefafyrirtæki til að aðstoða við endurreisn í kjölfar COVID-19 hættuástandsins (Stjútíð. ESB L 68, 26.2.2021, bls. 14).

- b) losunarheimildum sem um getur í 11. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB eða losunarheimildarafleiðum sem um getur í 4. tölulið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB.

2. gr.

Prófanir á viðbótarstarfsemi

1. Sú starfsemi aðila sem um getur í 1. gr. skal teljast vera viðbót við aðalstarfsemina á samstæðustigi ef hún uppfyllir einhver eftirfarandi skilyrði:
- a) hrein útistandandi undirliggjandi áhættuskuldbinding í hrávöruafleiðum, til uppgjörs í reiðufé, eða losunarheimildum eða afleiðum þeirra, til uppgjörs í reiðufé, sem viðskipti eru með í Sambandinu, reiknuð út í samræmi við 3. gr., að undanskildum hrávöruafleiðum eða losunarheimildum eða afleiðum þeirra sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, er undir árlegum viðmiðunarmörkum að upphæð 3 milljörðum evra (prófun á lágmarksviðmiðunarmörkum),
- b) umfang þessarar starfsemi í samræmi við 1. mgr. 4. gr. samsvarar 50% eða minna af heildarumfangi annarrar viðskipta-starfsemi samstæðunnar, reiknað út í samræmi við 2. mgr. 4. gr.,
- c) áætlað bundið fjármagn í þeirri starfsemi, reiknað út í samræmi við 1. og 3. mgr. 5. gr., nemur ekki meira en 50% fjárbindingar á samstæðugrundvelli í aðalstarfseminni reiknað út í samræmi við 4. mgr. 5. gr.
2. Samstæða er talin samanstanda af móðurfélagi og öllum dótturfélögum þess. Hún inniheldur einingar, staðsettar í Sambandinu og í þriðju löndum, óháð því hvort samstæðan er með höfuðstöðvar innan eða utan Sambandsins.

3. gr.

Prófun á lágmarksviðmiðunarmörkum

1. Hreinu útistandandi undirliggjandi áhættuskuldbindinguna sem um getur í a-lið 1. mgr. 2. gr. skal reikna út með því að taka meðaltal af samanlögðum útistandandi grundvallarfjárhæðum við mánaðarlok fyrir undangengna 12 mánuði sem leiða af öllum samningum um hrávöruafleiður, til uppgjörs í reiðufé, eða losunarheimildir eða afleiður þeirra, til uppgjörs í reiðufé, sem aðilar innan samstæðunnar gerðu í Sambandinu.

Hreina útistandandi grundvallarfjárhæðin sem um getur í fyrstu undirgrein skal reiknuð út á grundvelli allra samninga um hrávöruafleiður, til uppgjörs í reiðufé, eða losunarheimildir eða afleiður þeirra, til uppgjörs í reiðufé, sem viðskipti eru ekki með á viðskiptavettvangi sem sérhver aðili, staðsettur í Sambandinu, á aðild að á viðkomandi árlegu uppgjörstímabili sem um getur í 2. mgr. 6. gr.

Samningarnir um hrávöruafleiður eða losunarheimildarafleiður, til uppgjörs í reiðufé, sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein skulu ná yfir alla afleiðusamninga sem varða hrávörur eða losunarheimildir sem gera verður upp með reiðufé eða hægt er að gera upp með reiðufé óski einn aðilanna þess, af annarri ástæðu en vegna vanskila eða annars atburðar sem leiðir til uppsagnar.

2. Stöður frá samningum sem leiða af viðskiptum sem um getur í a-, b- og c-lið fjórðu undirgreinar 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða af samningum þar sem aðilinn innan samstæðunnar sem er aðili að einhverjum þeirra er með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB eða tilskipun 2013/36/ESB skulu ekki taldar með í samlagningunni sem um getur í fyrstu málsgrein.

3. Hreina útistandandi grundvallarfjárhæðin sem um getur í 1. mgr. skal ákvörðuð samkvæmt jöfnunaraðferðinni í 2. mgr. 5. gr.

4. Útkoma samlagningarinnar sem um getur í þessari grein skal gefin upp í evrum.

4. gr.

Viðskiptaprófun

1. Umfang starfseminnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr. sem aðili innan samstæðu stundar í Sambandinu skal reiknað út með því að leggja saman verga grundvallarfjárhæð allra samninga um hrávöruafleiður, losunarheimildir eða afleiður þeirra sem sá aðili á aðild að.

Samningar sem leiða af viðskiptum sem um getur í a-, b- og c-lið fjórðu undirgreinar 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða af samningum þar sem aðilinn innan samstæðunnar sem er aðili að einhverjum þeirra er með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB eða tilskipun 2013/36/ESB skulu ekki taldir með í samlagningunni sem um getur í fyrstu undirgrein.

2. Heildarumfang annarrar viðskiptastarfsemi samstæðunnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr. skal reiknað út með því að leggja saman verga grundvallarfjárhæð allra samninga um hrávöruafleiður, losunarheimildir og afleiður þeirra sem aðilar innan þeirrar samstæðu eru aðilar að.

Samningar sem leiða af viðskiptum sem um getur í a-, b- og c-lið fjórðu undirgreinar 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða af samningum þar sem aðilinn innan samstæðunnar sem er aðili að einhverjum þeirra er með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB eða tilskipun 2013/36/ESB skulu ekki taldir með í samlagningunni sem um getur í fyrstu undirgrein.

3. Heildarviðskiptastarfsemin á markaði sem um getur í 1. og 2. mgr. skal reiknuð út með því að leggja saman verga grundvallarfjárhæð allra samninga sem viðskipti eru ekki með á viðskiptavettvangi sem aðili sem staðsettur er innan Sambandsins er aðili að og allra annarra samninga sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi staðsettum innan Sambandsins á viðkomandi árlegu uppgjörstímabili sem um getur í 2. mgr. 6. gr.

4. Þær samanlögðu fjárhæðir sem um getur í þessari grein skulu tilgreindar í evrum.

5. gr.

Prófun á bundnu fjármagni

1. Áætlað bundið fjármagn í starfsemi sem um getur í c-lið 1. mgr. 2. gr. skal vera samtalan á eftirfarandi:

- a) 15% af hverri hreinni stöðu, hvort sem það er gnótt- eða skortstaða, margfölduð með verði hrávöruafleiðunnar, losunarheimildarinnar eða afleiðna hennar,
- b) 3% vergrar stöðu, þ.e. gnóttstöðu plús skortstöðu, margfölduð með verði hrávöruafleiðunnar, losunarheimildarinnar eða afleiðna hennar.

Stöðurnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu reiknaðar út á grundvelli allra samninga sem viðskipti eru ekki með á viðskiptavettvangi sem aðili sem er staðsettur innan Sambandsins er aðili að og allra annarra samninga sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi staðsettum innan Sambandsins á viðkomandi árlegu uppgjörstímabili sem um getur í 2. mgr. 6. gr.

2. Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skal hrein staða í hrávöruafleiðu, losunarheimild eða afleiðu hennar í Sambandinu ákvörðuð með því að jafna saman gnótt- og skortstöðum:

- a) í hverri tegund hrávöruafleiðusamnings með tiltekna undirliggjandi hrávöru til að reikna út hreina stöðu fyrir hverja tegund samnings með þá hrávöru undirliggjandi,
- b) í losunarheimildasamningi til að reikna út hreina stöðu í þeim losunarheimildasamningi eða
- c) í hverri tegund afleiðusamnings með losunarheimildir til að reikna út hreina stöðu fyrir hverja tegund afleiðusamnings með losunarheimildir.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. er hægt að jafna saman hreinum stöðum í mismunandi tegundum samninga með sömu undirliggjandi hrávöru eða mismunandi tegundum afleiðusamninga með sömu undirliggjandi losunarheimild hverri á móti annari.

3. Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skal ákvarða verga stöðu í hrávöruafleiðu, losunarheimild eða afleiðusamningi hennar með því að reikna út samtölu tölugilda hreinna staðna fyrir hverja tegund samnings með tiltekna undirliggjandi hrávöru, hvern losunarheimildarsamning eða hverja tegund samnings með tiltekinni undirliggjandi losunarheimild.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. er ekki hægt að jafna saman hreinum stöðum í mismunandi tegundum afleiðusamninga með sömu undirliggjandi hrávöru eða mismunandi tegundum afleiðusamninga með sömu undirliggjandi losunarheimild hverri á móti annarri.

Stöður sem leiða af viðskiptum sem um getur í a-, b- og c-lið fjórðu undirgreinar 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða samningar þar sem aðilinn innan samstæðunnar sem er aðili að einhverjum þeirra er með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB eða tilskipun 2013/36/ESB skulu ekki taldir með í útreikningnum á áætluðu fjármagni.

4. Bundið fjármagn í aðalstarfsemi samstæðunnar skal vera samtala heildareigna samstæðunnar að frádregnum skammtímaskuldum eins og þær eru skráðar í samstæðureikningsskilum samstæðunnar í lok viðkomandi árlegs útreikningstímabils. Að því er varðar þessa málsgrein merkir skammtímaskuld skuld sem er á lokagjalddaga innan 12 mánaða.

5. Útkoma útreikninganna sem um getur í þessari grein skal gefin upp í evrum.

6. gr.

Verklag útreiknings

1. Útreikningurinn á prófuninni á lágmarksviðmiðunarmörkum sem um getur í 3. gr. skal byggja á tilvísun til þriggja árlegra útreikningstímabila á undan útreikningsdeginum þar sem bera skal einfalt meðaltal ársvirðanna saman við viðmiðunarmörkin sem um getur í a-lið 1. mgr. 2. gr. Útreikningur á umfangi viðskiptastarfsemi og bundnu fjármagni sem um getur í 4. og 5. gr. skal byggjast á einföldu meðaltali daglegrar viðskiptastarfsemi eða áætluðu fjármagni sem varið var til slíkrar viðskiptastarfsemi á þremur næstliðnum árlegum útreikningstímabilum á undan dagsetningu útreikningsins. Útreikninginn skal gerður árlega á fyrsta ársfjórðungi almanaksársins sem kemur í kjölfar árlegs útreikningstímabils, þar sem bera skal einfalt meðaltal ársvirðanna saman við viðkomandi viðmiðunarmörk sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 2. gr.

2. Í 1. mgr. merkir árlegt útreikningstímabil tímabil sem hefst 1. janúar viðkomandi árs og lýkur 31. desember sama árs.

3. Að því er varðar 1. mgr. skal útreikningur á umfangi viðskiptastarfsemi eða áætlaðs fjármagns sem varið er til slíkrar starfsemi sem er gerður árið 2022 miðast við þrjú næstliðin árleg útreikningstímabil, sem hefjast 1. janúar 2019, 1. janúar 2020 og 1. janúar 2021, og útreikningurinn sem er gerður árið 2023 miðast við þrjú næstliðin árleg útreikningstímabil, sem hefjast 1. janúar 2020, 1. janúar 2021 og 1. janúar 2022.

4. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skal viðmiðunartímabil útreiknings daglegrar viðskiptastarfsemi eða áætlaðs fjármagns sem varið er til slíkrar starfsemi aðeins taka til næstliðins árlegs útreikningstímabils ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) dagleg viðskiptastarfsemi eða áætlað fjármagn sem varið er til slíkrar starfsemi dregst saman um meira en 10% samkvæmt samanburði á fyrsta tímabili hinna þriggja næstliðna árlegru útreikningstímabila við hið síðasta og

b) dagleg viðskiptastarfsemi eða áætlað fjármagn sem varið er til slíkrar viðskiptastarfsemi á síðasta tímabilinu af útreikningstímabilunum þremur er minna en á útreikningstímabilunum tveimur þar á undan.

7. gr.

Viðskipti sem teljast draga úr áhættu

1. Að því er varðar b-lið fjórðu undirgreinar 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skal telja unnt að mæla á hlutlægan hátt að afleiðuviðskipti dragi úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi eða lausafjárfjármögnun þegar eitt eða fleiri af eftirfarandi skilyrðum eru uppfyllt:

- a) viðskiptin draga úr áhættu sem stafar af mögulegri breytingu á virði eigna, þjónustu, aðfanga, afurða, hrávara eða skuldbindinga sem aðilinn eða samstæða hans á, býr til, framleiðir, vinnur, veitir, kaupir, býður til sölu, leigir, selur eða stofnar til eða hefur rökstudda ástæðu til að ætla að hann muni eiga, búa til, framleiða, vinna, veita, kaupa, bjóða til sölu, leigja, selja eða stofna til í venjulegri starfsemi sinni,
- b) viðskiptin taka til áhættu sem stafar af mögulegum óbeinum áhrifum á virði eigna, þjónustu, aðfanga, afurða, hrávara eða skuldbindinga sem um getur í a-lið og leiðir af sveiflum á vöxtum, verðbólgu, gengi gjaldmiðla eða greiðslufallsáhættu,
- c) viðskiptin teljast áhættuvarnarsamningur samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) sem samþykktir hafa verið í samræmi við 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 ⁽⁸⁾.

2. Að því er varðar 1. mgr. teljast viðskipti draga úr áhættu ein og sér eða ásamt öðrum afleiðum ef ófjárhagslegur aðili:

- a) lýsir eftirfarandi í innri reglum sínum:
 - i. tegundum hrávöruafleiðusamninga, samninga um losunarheimild eða afleiðu hennar í þeim eignasöfnum sem eru notuð til að draga úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi eða lausafjárfjármögnun og vaskilyrðum þeirra,
 - ii. tengslunum milli eignasafnsins og áhættunnar sem það dregur úr,
 - iii. ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að viðskiptin sem varða þá samninga hafi engan annan tilgang en að draga úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi eða lausafjárfjármögnun ófjárhagslega aðilans og unnt sé að bera kennsl með skýrum hætti á öll viðskipti sem þjóna öðrum tilgangi,
- b) getur veitt nægilega sundurgreinda yfirsýn yfir eignasöfnin að því er varðar flokka hrávöruafleiðna, losunarheimilda og afleiðna þeirra, undirliggjandi hrávörur, tímabil og aðra þætti sem skipta máli.

8. gr.

Niðurfelling

Framseld reglugerð (ESB) 2017/592 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í framselda reglugerð (ESB) 2017/592 sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í viðaukanum við þessa reglugerð.

9. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (Stjttíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Þessi reglugerð	Framseld reglugerð (ESB) 2017/592
Ákvæði 1. gr.	Ákvæði 1. mgr. 2. gr.
Ákvæði 2. gr.	Ákvæði 1. gr.
Ákvæði 3. gr.	Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 2. gr. Ákvæði 3. og 4. mgr. 3. gr.
Ákvæði 4. gr.	Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 2. gr. Ákvæði 3. gr. (a-liður 1. mgr.), 3. gr. (a- og b-liður 2. mgr.), 3. gr. (3. og 4. mgr.)
Ákvæði 5. gr.	Ákvæði b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 5.–10. mgr. 3. gr.
Ákvæði 6. gr.	Ákvæði 4. gr.
Ákvæði 7. gr.	Ákvæði 5. gr.
Ákvæði 8. gr.	—
Ákvæði 9. gr.	Ákvæði 6. gr.